

# Fundargerð 340. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

<b>Fundarstaður:</b>	Þingborg og í beinu streymi
<b>Fundardagur:</b>	Þriðjudagur 5. maí 2026
<b>Fundartími:</b>	17:00-18:30
<b>Fundarmenn:</b>	Árni Eiríksson, oddviti Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Walter Fannar Kristjánsson Harpa Magnúsdóttir Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við dagskrá, umsókn um framkvæmdaleyfi í Súluholtshjáleigu, undir lið 12. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

## 1. Ársreikningur Flóaljóss 2025

Friðrik Einarsson endurskoðandi frá KPMG kom inn á fundinn og kynnti ársreikning Flóaljóss fyrir árið 2025. Samkvæmt rekstrarreikningi var rekstrarniðurstaða Flóaljóss á árinu 2025 jákvæð um 8,1 milljón kr.. Eigið fé í árslok 2025 nam 99,2 milljónum kr. samkvæmt efnahagsreikningi en þar af nam stofnframlag 75 milljónum kr.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagðan ársreikning fyrir Flóaljós fyrir rekstrarárið 2025 og staðfestir hann með undirskrift sinni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## 2. Ársreikningur Flóahrepps 2025 – fyrri umræða

Friðrik Einarsson endurskoðandi frá KPMG kynnti helstu niðurstöður Ársreiknings Flóahrepps fyrir árið 2025 sem lagður er fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta við fyrri umræðu var jákvæð um 235 milljónir kr. samkvæmt rekstrarreikningi, en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 232 milljónir kr. Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1.515 milljónum kr. fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.465 milljónum kr.

Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.251 milljónum kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta nam 1.263 milljónum króna.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa ársreikningi Flóahrepps 2025 til endurskoðunar og síðari umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## 3. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 324, dags. 29.04.2026

### a) Merkurlaut 1 L193162; Axarhólsbraut 3; Deiliskipulag – 2507020

Lögð er fram tillaga deiliskipulags, eftir auglýsingu, sem tekur til Merkurlautar 1 L193162 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst afmörkun þriggja nýrra frístundalóða úr Merkurlaut 1 þ.e. Axarhólsbraut 2, 3 og 5. Byggingarreitir eru skilgreindir innan lóðanna þar sem heimilt verður að byggja frístundahús með bílskúr, gestahús og geymslu. Umsagnir bárust á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag sem tekur til Merkulautar 1 L193162 eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**b) Gegnishólapartur L165482; Skilgreining landbúnaðarlands; Deiliskipulag – 2604035**

Lögð er fram fyrirspurn er varðar jörðina Gegnishólapartur, L165482 í Flóahreppi. Óskað er eftir heimild til gerðar deiliskipulags á hluta úr jörðinni Gegnishólaparti, L165482.

Deiliskipulag verður í fullu samræmi við ákvæði aðalskipulags og fullt tillit tekið til flokkunar landbúnaðarlands. Stærð svæðis er um 50ha og lóðir áætlaðar um 3-10ha að stærð. Heimilt verði að byggja íbúðarhús, bílskúr auk útihúsa fyrir skepnuhald og fóður- og eða vélageymslu. *Skipulagsnefnd UTU vísar erindinu til sveitarstjórnar Flóahrepps.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að unnið verði deiliskipulags á hluta jarðarinnar Gegnishólaparti L165482.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Afgreiðslur byggingarfulltrúa 249, dags. 22.04.2026**

Lagðar fram til kynningar.

**5. Íbúakönnun 16. maí 2026**

Fyrir liggur að lögð verði fyrir könnun á meðal kjósenda í Flóahreppi samhliða kosningum til sveitarstjórna þann 16. maí næstkomandi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að eftirfarandi valmöguleikar komi fram í íbúakönnun:

**Spurning 1:**

*Vilt þú að skoðuð verði sameining við annað/ önnur sveitarfélög*

- Já
- Nei

**Spurning 2. Óháð fyrra svari**

*Eftir til viðræðna kæmi hvert vildir þú beina samtalinu og láta skoða kosti og galla.*

*Merkið við tvo valmöguleika, 1 sem fyrsta kost og 2 sem næsta kost:*

- Eiga samtalið við Árborg
- Eiga samtalið við öll sveitarfélögin vestan við Flóahrepp (Ölfus, Hveragerði, Árborg)
- Eiga samtalið við Skeiða- og Gnúpverjahrepp
- Eiga samtalið við öll sveitarfélög í uppsveitum Árnessýslu
- Eiga samtalið við sveitarfélög austan við Þjórsá (Ásahreppur)
- Öll Árnessýsla skoði sameiningu
- Annað, hvað?

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að íbúakönnun verði sett fram á íslensku og á ensku.

Sveitarstjóra falið að auglýsa ofangreindar spurningar og íbúakönnun á miðlum sveitarfélagsins og ganga frá prentun og öðrum undirbúningi vegna könnunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Hitaveita í 1. áfanga íbúðarbyggðar við Þingborg**

Fyrir liggur minnisblað fá LEX lögmonnum er varðar lagningu hitaveitu í 1. áfanga í íbúðarbyggð við Þingborg.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að leita samninga við Hitaveitu Hraungerðishrepps um lagningu hitaveitu í 1. áfanga í íbúðarbyggð við Þingborg. Sveitarstjóra falið að kalla eftir aðkomu

LEX lögmanna að mögulegri samningagerð við Hitaveitu Hraungerðishrepps sem og aðstoðar við gerð úthlutunarskilmála lóða og kvaða um tengingu íbúða við hitaveitu, ef samningar nást.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **7. Frágangur gatna í 1. áfanga íbúðarbyggðar við Þingborg**

Fyrir liggja tillögur að frágangi gatna í 1. áfanga nýrrar íbúðarbyggðar við Þingborg en útboðsgögn og samningur við verktaka gerir ekki ráð fyrir yfirborðsfrágangi á götum. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að velja útfærslu E við frágang á götum í 1. áfanga íbúðarbyggðar við Þingborg. Sveitarstjóra falið að stilla upp viðauka I við fjárhagsáætlun 2026 vegna aukningar á fjárfestingu ársins sem kemur til vegna ákvörðunar sveitarstjórnar og ganga í kjölfarið frá samningi um verkið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **8. Vinnuskóli Flóahrepps 2026**

Vinnuskóli Flóahrepps verður starfræktur frá júní og fram í ágúst fyrir unglunga fædda 2010-2013. Búið er að ráða verkstjóra vinnuskóla en það eru þær Ólöf Vala Heimisdóttir og Þórunn Sturludóttir Schacht.

Sveitarstjórn samþykkir að laun unglunga í vinnuskóla miðist við sömu laun og árið áður en taki breytingum skv. launavísitölu og skal miða við vísitölu í maí 2026 við útreikning launa. Umsjónarmanni fasteigna og starfsmanni á fasteignasviði falið að útbúa verkefnalista fyrir verkstjóra vinnuskólans og vinna að undirbúningi og yfirverkstjórn í samráði við sveitarstjóra.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **9. Umsagnarbeiðni frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi vegna úti- og bæjarhátíða**

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi vegna skýrslu sem unnin var á vegum vinnuhóps Öruggara Suðurlands.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að svara erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **10. Aukafundur sveitarstjórnar 12. maí**

Vegna seinni umræðu ársreiknings Flóahrepps 2025 verður haldinn aukafundur í sveitarstjórn þriðjudaginn 12. maí kl. 17:00 í Þingborg. Erindi sem óskað er eftir að verði tekin fyrir á fundi skulu berast eigi síðar en kl. 12:00 föstudaginn 8. maí.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **11. Sumarlokun skrifstofu**

Sveitarstjóri leggur til að sumarlokun skrifstofu verði í að lágmarki í þrjár vikur frá 13. júlí til og með 3. ágúst. Þar sem verið er að undirbúa framkvæmdir á skrifstofu til að bæta aðgengi kann að verða frekari röskun á starfsemi skrifstofu af þeim völdum.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir skrifstofa sveitarfélagsins verði með öllu lokuð frá 13. júlí til og með 3. ágúst Verði frekari röskun á opnun vegna framkvæmda verði það auglýst sérstaklega.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **12. Umsókn um framkvæmdaleyfi í Súluholtshjáleigu**

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til námu í Súluholtshjáleigu, L166391. Í framkvæmdinni felst efnistaka og efnislosun innan námu sem skilgreind er á aðalskipulagi Flóahrepps sem E24. Sótt er um grjótnám allt að 48.000 m<sup>3</sup> og efnislosun sem taki til samsvarandi magns. Landsvæði er um 1,7 ha.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna efnistöku og efnislosunar í Súluholtshjáleigu L166391 með fyrirvara um birtingu óverulegrar breytingar á aðalskipulagi í B deild Stjórnartíðinda. Efnistaka og efnislosun megi vera allt að 48.000 m<sup>3</sup> á um 1,7 ha svæði. Útgáfa framkvæmdaleyfis er byggð á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og nær til efnistöku og efnislosunar úr námu í Súluholtshjáleigu.

Sveitarstjórn gerir kröfur um að eftirfarandi skilyrðum verði framfylgt vegna útgáfu leyfisins:

- Efnistaka er heimil innan svæðisins allt að 48.000 m<sup>3</sup>
- Efnislosun er heimil innan svæðisins í samsvarandi magni og efnistaka
- Framkvæmdaaðili skal leggja fram tímasetta áætlun um efnistöku og gera grein fyrir lokun námunnar að henni lokinni.
- Ef framkvæmdaaðili hyggst sprengja eða fleyga efni á framkvæmdatímanum skal slíkt gert í samráði við skipulagsfulltrúa og aðliggjandi landeigendur og nágretta sem ætla má að yrðu fyrir ónæði.
- Framkvæmdaaðila verði gert að halda Öfundarholtsvegi að efnistökusvæðinu í sambærilegu ástandi og hann er í dag og sinna viðeigandi viðhaldi á honum í samráði við Vegagerðina og aðra framkvæmdaaðila á svæðinu á meðan á efnistöku stendur, umfram það sem getur talist eðlilegt slit vegna daglegrar umferðar um veginn.
- Vegna nálægðar við íbúðarhús við Öfundarholtsveg telur sveitarstjórn brýnt að framkvæmdaaðili hugi sérstaklega að rykbindingu á veginum.

Samþykkt með 5 atkvæðum

### 13. Fundargerðir

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 339, dags. 21.04.2026

b) Fræðslunefndar nr. 162, dags. 14.04.2026

Varðandi lið 10 í fundargerð þá hvetur sveitarstjórn til þess að málið verði einnig rætt í foreldraráði leikskólans. Sveitarstjórn óskar eftir minnisblaði frá leikskólastjóra með nánari útlistun á þeirri tillögu sem lögð var fram í fræðslunefnd svo sem kostnaðargreiningu og annað sem kann að skipta máli varðandi framkvæmd tillögunnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Umhverfis- og samgöngunefndar nr. 12, dags. 29.04.2026

Varðandi lið 3 þá eru allar fundargerðir kjörtímabilsins nú komnar inn á heimasíðu Flóahrepps undir umhverfis- og samgöngunefnd.

d) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 997, dags. 17.04.2026

e) Vorfundar Héraðsnefndar Árnesinga bs.nr. 36, dags. 14.04.2026 ásamt nýjum samþykktum til fyrri umræðu í sveitarstjórn

Nýjar samþykktir fyrir Héraðsnefnd Árnesinga liggja fyrir til fyrri umræðu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi samþykktir fyrir Héraðsnefnd Árnesinga og vísar þeim til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Aukaaðalfundar Brunavarna Árnessýslu bs. dags. 14.04.2026

g) Aukaaðalfundar Byggðasafns Árnesinga bs. dags. 14.04.2026

h) Aukaaðalfundar Héraðsskjalasafna Árnesinga bs. dags. 14.04.2026

i) Aukaaðalfundar Listasafns Árnesinga bs. dags. 14.04.2026

j) Aukaaðalfundar Tónlistarskóla Árnesinga bs. dags. 14.04.2026

k) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 36, dags. 30.04.2026 ásamt viðauka við fjárhagsáætlun 2026

#### Varðandi lið 1 í fundargerð:

#### Viðauki við fjárhagsáætlun Brunavarana Árnessýslu fyrir árið 2026

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðan viðauka við fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu fyrir árið 2026. Viðauka er ætlað að mæta þörf fyrir aukna mönnun til að uppfylla lágmarkskröfur um mönnun dagvaktar slökkviliðs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### Varðandi lið 2 í fundargerð:

**Ákvörðun um veitingu einfaldrar ábyrgðar, veðsetningu tekna til tryggingar ábyrgðinni og umboð til undirritunar lánasamnings vegna láns Brunavarna Árnassýslu í eigu sveitarfélagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga:**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir hér með á fundi sínum að veita einfalda ábyrgð á láni Brunavarna Árnassýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga og veðsetja tekjur sveitarfélagsins til tryggingar ábyrgðinni í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ábyrgðin nær til láns að fjárhæð, allt að kr. 240.000.000,- ásamt vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum, uppgreiðslugjaldi og öðrum kostnaði, samkvæmt þeim lánaskilmálum sem í boði eru þegar lánið er tekið. Lántakan getur verið í formi skammtímaláns, sem forvera langtímaláns, eða sem langtímalán í þeim skuldabréfaflokkum sem Lánasjóðurinn býður hverju sinni. Sveitarstjórn hefur kynnt sér skilmála viðkomandi skuldabréfaflokka eins og þeir birtast á heimasíðu Lánasjóðsins. Samþykkið nær jafnframt til undirritunar lánasamnings og þess að sveitarfélagið taki á sig þær skyldur sem þar greinir. Lánið er tekið til fjármögnunar á byggingu nýrrar slökkvistöðvar á Flúðum og vegna kaupa á nýrri slökkvibifreið sem staðsett verður í Reykholti. Um er að ræða verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Sveitarstjórnin skuldbindur sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnassýslu til að breyta ekki ákvæðum samþykktá félagsins sem kveða á um að félagið megi ekki, að neinu leyti, fara í eigu einkaaðila.

Ef sveitarfélagið selur eignarhlut sinn til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að tryggja að nýr eigandi yfirtaki ábyrgð á láninu í hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu.

Jafnframt er Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra, kt. 3001843249, veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita lánasamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Flóahrepps, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út og afhenda öll skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökunni, þar á meðal beiðni um útborgun láns.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- l) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 254, dags. 28.04.2026

**14. Efni til kynningar**

- a) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 595. mál – Loftslagslög.
- b) Árshátíð og aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands 7. maí
- c) Ársfundur Náttúruhamfaratryggingar Íslands 21. maí
- d) Auglýsing um sveitarstjórnarkosningar í Flóahreppi 16. maí 2026
- e) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 12. maí kl. 17:00

*Árni Eiríksson (sign)*

*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*

*Hjalti Guðmundsson (sign)*

*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*

*Harpa Magnúsdóttir (sign)*